



## Fundargerð/punktur starfshóps um jafnréttisstefnu og áætlunar – Fjórði fundur

**Mætt voru:** Guðlaug Kristjánsdóttir, Kristinn Andersen, Valgerður Fjölvisdóttir og Berglind G. Bergþórsdóttir. Óskar Steinn Ómarsson boðaði forföll.

- Rætt var um viðbrögð við auglýsingu starfshópsins þar sem kallað var eftir tillögum og hugmyndum að efni í jafnréttisstefnu og áætlun bæjarins. Öldungaráð gerir ekki athugasemdir. Ein ábending barst varðandi það að huga þurfi að réttindum barna og foreldra óháð fjölskyldugerð og tryggja upplýsingar og aðgengi að þjónustu þegar börn eiga fleiri en eitt heimili.
- Ákveðið var að yfirfara aftur þær ábendingar sem bárust frá sviðsstjórum m.t.t. þess hvernig síðustu jafnréttisáætlun var fylgt eftir sem og þær ábendingar sem bárust um nýjar áherslur.
- Engin viðbrögð komu frá Umhverfis- og skipulagsþjónustu. BGB tekur að sér að heyra frá sviðsstjóra.
- Ræddum um útvíkkun jafnréttisstefnu yfir í mannréttindastefnu. Endurskoða mætti í því samhengi setningu sem er föst í öllum atvinnuauglýsingum og hljómar svona í dag: „Konur jafnr sem karlar eru hvött til að sækja um starfið“ og höfða til ólíkra hópa sbr. þá leið sem Reykjavíkurborg fer í þessum efnum en þar er eftirfarandi setning föst í atvinnuauglýsingum borgarinnar: „Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í“.
- Ákveðið að BGB tæki að sér að gera drög að jafnréttisáætlun/aðgerðaáætlun og myndi senda hópnum til yfirlestrar. Skila þarf drögum til bæjarráðs fyrir 12. febrúar.
- Nýta þarf tímann vel fram að næsta fundi og einfalda og samræma þá vinnu sem liggur fyrir við endurskoðun stefnunnar, skv. verkaskiptingu sem ákveðin var á síðasta fundi.